



Skiptinám er ekki ár í lífi þínu, það er líf á einu ári!

Félagsleg aðlögun íslenskra skiptinema í viðtökulandi

Kolbrún Ósk Pétursdóttir
Pála Guðmundsdóttir



**Líf- og umhverfisvísindadeild
Háskóli Íslands
2019**

Skiptinám er ekki ár í lífi þínu, það er líf á einu ári!

Félagsleg aðlögun íslenskra skiptinema í viðtökulandi

Kolbrún Ósk Pétursdóttir
Pála Guðmundsdóttir

10 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í Ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Edda R. H. Waage

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, september 2019

Skiptinám er ekki ár í lífi þínu, það er líf á einu ári!
Félagsleg aðlögun íslenskra skiptinema í viðtökulandi
10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í Ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2019 Kolbrún Ósk Pétursdóttir og Pála Guðmundsdóttir
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Askja, Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:
Kolbrún Ósk Pétursdóttir og Pála Guðmundsdóttir, 2019, *Skiptinám er ekki ár í lífi þínu, það er líf á einu ári!*, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 33 bls.

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, september 2019

Útdráttur

Skiptinám er góð leið fyrir nemendur til að öðlast nýja reynslu, kynnast annarri menningu og eignast vini frá öllum heimsins hornum. En það getur tekið á að komast inn í nýtt samfélag og eignast vini í ókunnugu landi. Þessi rannsókn skoðar hvaða áskoranir felast í félagslegri aðlögun skiptinema og hvaða persónulegan ávinning nemendur hljóta af því að fara í skiptinám. Til að svara þessum spurningum var gerð viðtalsrannsókn við sex nemendur í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Niðurstöður leiddu í ljós að tengslanet, tungumál, háskóli og staðsetning voru hvað mest áberandi í félagslegri aðlögun viðmælenda. Þegar rýnt var í persónulegan ávinning kom í ljós að viðmælendur lærðu að yfirstíga ýmis vandamál og hindranir með seiglu með því að taka sjálfstæðar ákvarðanir og horfa á hlutina með jákvæðu viðmóti. Flestir viðmælendur bættu einnig tungumálakunnáttu sína til muna og juku skilning sinn á öðrum menningum.

Abstract

Study-abroad programs are a good way for students to gain new experiences, immerse themselves in another culture and gain friends abroad. This dissertation concerns itself with what challenges an exchange student can face in socially acclimating in a foreign country and what benefits students can gain from study-abroad programs. The research method consisted of six interviews with students studying Tourism Studies at the University of Iceland. The results showed that networking, language, the foreign university and location were the most significant factors for the efficacy of their social acclimation. Interviewees cited the following as the most beneficial personal factors after studying abroad: learning to overcome unforeseen problems and obstacles, improvements in the individual's self-reliance and a more positive outlook in everyday matters. Most interviewees also improved their language skills and developed a greater understanding and appreciation for other cultures.

Þessi ritgerð er tileinkuð góðri vináttu.

Megi hún endast að eilífu.

Formáli

Báðar hafði okkur lengi dreymt um að ferðast um heiminn og gripum við fyrsta tækifærið sem bauðst á unglingsárunum. Kolbrún, annar höfundur ritgerðarinnar fór fyrst sem skiptinemi til Ekvador á sínu öðru ári við Verzlunarskóla Íslands og eftir það var ekki aftur snúið. Hún gekk í gegnum gríðarlegt menningarsjokk, stóð á eigin fótum 17 ára gömul í ókunnugu landi með ókunnugu fólki og skildi ekki orð í spænsku, sem er töluð í Ekvador. En þrátt fyrir það var hún nokkuð fljót að aðlagast, eignaðist fullt af nýjum vinum og var fljót að læra tungumálið. Að loknu skiptinámi átti hún þó erfitt með að aðlagast lífinu heima þar sem lítið hafði breyst á Íslandi en hún hafði gengið í gegnum þvílíka lífsreynslu og fannst hún breytt manneskja.

Einfaldir hlutir eins og að heilsa fólki var meira að segja farið að flækjast fyrir henni. Að heilsa fólki í Ekvador krefst þess nefnilega að þú kyssir alla á báðar kinnar, sama hvort þú þekkir manneskjuna eða ekki. Í fyrstu þótti Kolbrúnu það mjög skrítið þar sem Íslendingar eru nú ekki þekktir fyrir að kyssa aðra og sérstaklega ekki ókunnuga. Hún var þó fljót að venjast þessu og í lok skiptinámsins var hún kyssandi alla eins og ekkert væri. Stuttu eftir heimkomuna var hún að versla í matinn og rakst þar á vin þabba síns. Auðvitað gekk hún beint að honum og kyssti hann á kinnarnar eins og sönnum Ekvadorbúa sæmir en fann strax hvernig hann fraus og vissi ekki alveg hvernig hann átti að bregðast við þessum kossi. Þá rann það upp fyrir henni að svona heilsast enginn á Íslandi og var fljót að láta sig hverfa.

Pála, hinn höfundur ritgerðarinnar, flutti til Danmerkur 19 ára gömul. Þar fór hún í tónlistarnám en meginhvati hennar var að upplifa að búa í nýju landi og læra nýtt tungumál. Aðlögunarferlið var upp og niður, hún eignaðist fljótt vini en hoppaði á milli ensku og dönsku til að tjá sig þar sem danskan kom hægt og rólega. Að ári loknu, flutti hún heim til Íslands en hugurinn leitaði alltaf út í ný ævintýri.

Árið 2016 skráðum við okkur báðar í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og töluðum fljótt um áhuga okkar á skiptinámi. Eftir fyrsta misseri höfðum við báðar sótt um skiptinám á sitthvorn staðinn og fengið jákvætt svar. Kolbrún fór til Granada á Spáni og Pála til Portsmouth í Englandi, báðar í tvö misseri. Báðar áttum við tiltölulega auðvelt með að aðlagast viðkomulandi okkar en það sem hjálpaði okkur var að hafa góð tök á tungumálinu og kynnst öðrum skiptinimum sem voru að ganga í gegnum ákveðið aðlögunarferli. Þó gekk ekki allt eins og í sögu líkt og Pála lenti í.

Íslendingar eru ekki framarlega á lista yfir að vera kurteis þjóð en Bretar eru þekktir fyrir að vera einstaklega kurteisir, sama hvort þeir séu að tala við afgangslúfólk eða fjölskylduna sína. Pála fékk að kynnst þessum mun í aðlögun sinni að menningu Breta og lenti í nokkrum skrautlegum uppákomum.

Eftir fyrstu vikuna hennar hafði hún kynnst hópi af breskum stelpum og ákváðu þær að fara út að borða saman. Þær höfðu ákveðið að hittast klukkan 19 og Pála var ekkert að stressa sig og mætti klukkan 19.30 eins og sönnum Íslendingi sæmir. Þær horfðu allar með áhyggjusvip og spurðu hvort eitthvað hefði komið upp á? Nei, þetta var nú bara dæmi um ólíka menningarsíði þar sem hún var vön að vera ekkert að stressa sig að mæta á slaginu. Þær

hefðu beðið með að panta sér og Pála leit snögg yfir matseðillinn á meðan þjóninn var byrjaður að taka niður pantanir. Fyrstu tveir réttirnir komu á borðið og Pála greip sinn rétt og byrjaði strax að borða. Hún áttaði sig strax á því að hún hefði gert stór mistök þar sem þær horfðu hissa en fóru síðan í hláturskast. Þarna áttaði Pála sig á að það sem hún hafði vanið sig á heima, gekk ekki upp annarsstaðar en aðlögun hennar að nýrri menningu hjálpaði henni að skynja betur nýjar aðstæður.

Þegar kom að því að velja viðfangsefni fyrir ritgerðina vorum við ekki lengi að finna hvað við vildum skrifa um. Við vildum nýta áhuga okkar og reynslu frá okkar skiptinámi og fá að heyra og rýna í sögur annarra. Vildum við kanna upplifun og reynslu annarra skiptinema í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Þráður ritgerðarinnar breyttist mikið í gegnum ferlið en í grunninn stendur efnið enn, skiptinemar og reynsla þeirra af skiptinámi.

Efnisyfirlit

Þakkir	xi
1 Inngangur	1
2 Skiptinám í allri sinni dýrð	3
2.1 Hvað er skiptinám?.....	3
2.1.1 Styrkir	3
2.1.2 Rannsóknir	4
2.1.3 Íslenskar rannsóknir	5
2.2 Aðlögun.....	5
2.2.1 Menningarsjokk	6
2.2.2 Þrjár víddir aðlögunar	7
2.2.3 Félagsleg aðlögun	7
2.3 Háskóli Íslands	9
2.3.1 Nemendur við Háskóla Íslands	9
3 Rannsóknin.....	11
3.1 Þátttakendur.....	11
3.2 Framkvæmd viðtalanna	11
3.3 Greining gagna	12
4 Niðurstöður.....	13
4.1 Tengslanet	13
4.2 Tungumál.....	15
4.3 Háskólinn.....	16
4.4 Staðsetning	18
5 Umræður.....	21
5.1 Hvaða áskoranir felast í félagslegri aðlögun skiptinema?.....	21
5.2 Hver er hinn persónulegi ávinningur af skiptinámi?.....	23
6 Lokaorð.....	25
Heimildir	27
Viðauki A.....	31
Viðauki B.....	32
Viðauki C.....	33

Þakkir

Við viljum byrja á því að þakka leiðbeinendanum okkar, henni Eddu R. H. Waage, fyrir mikla hjálp og góða leiðsögn. Einnig viljum við þakka viðmælendum okkar fyrir að gefa sér tíma til að tala við okkur en án þeirra hefði verkefnið aldrei orðið að veruleika. Við viljum þakka fjölskyldum okkar fyrir þá hjálp sem við fengum og þolinmæðina sem þau sýndu okkur. Að lokum viljum við þakka Rínari Magnússyni fyrir hjálpina við yfirlestur á ritgerðinni.

1 Inngangur

Þetta var um haustið 1967 og fyrsti skóladagurinn runninn upp. Í vikunni á undan hafði hann flutt með fjölskyldunni sinni alla leið frá Indlandi til Bandaríkjanna og nú var loksins komið að því að læra ensku og eignast nýja vini. En fyrsti dagurinn var ekki eins og hann hafði vonað, enginn skildi hann og krakkarnir voru fljótir að missa áhugann á nýja nemandanum. Drengurinn gafst þó ekki upp þar sem hann taldi sig hafa fundið lausn til að kynnast krökkunum betur. Hann hafði tekið eftir því að flestir krakkarnir voru með tékkmerki á fötunum sínum og hann þyrfti einfaldlega að kaupa sér eins og þá myndi hann passa inn. Eftir fyrsta skóladaginn, hljóp hann beint heim og bað mömmu sína um að kaupa slíka flík. Fljótlega fór hann að eignast vini og í kjölfarið kom tungumálið líka. Í dag lítur hann til baka á þennan tíma og hlær yfir misskilningi sínum á Nike merkinu.

Eins og sjá má í þessari sögu getur fólksflutningar milli landa verið krefjandi þar sem nýir hlutir blasa við fólki og er aðlögun oft flókið ferli þar sem hún getur verið í margvíslegu formi. Skiptinemar standa frammi fyrir ýmsum áskorunum þegar þeir halda á vit ævintýrana þar sem nýtt fólk, nýr skóli og nýtt umhverfi bíður þeirra. Markmið þessarar rannsóknar er að leita skilnings á hvernig nemendur í ferðamálafræði við Háskóla Íslands sem fara í skiptinám aðlagast í viðkomulandinu sínu. Leitað verður svara eftirfarandi viðfangsefnis með tveimur rannsóknarspurningum:

- Hvaða áskoranir felast í félagslegri aðlögun skiptinema?
- Hver er persónulegur ávinningur nemenda af skiptinámi?

Til að svara þessum spurningum var gerð viðtalsrannsókn þar sem tekin voru viðtöl við sex skiptinema sem allir fóru í skiptinám til sitthvors landsins.

Rannsókn þessi skiptist í sex kafla. Að loknum inngangi er komið að fræðilegri umfjöllun, sem skiptist í þrjá hluta. Fyrsti hluti kaflans greinir frá skiptinámi og helstu erlendu rannsóknum þar sem sérstök áhersla er lögð á ástæður nemenda sem sækja um skiptinám og íslenskar rannsóknir sem skoða aðlögunarferli skiptinema með tillit til mismunandi menningarbakgrunns. Annar hluti kaflans skoðar aðlögun í fræðilegu samhengi þar sem einblínt er á félagslega aðlögun. Í þriðja hluta kaflans er skoðað skiptinám við Háskóla Íslands og hvernig því er háttað. Næst kemur þriðji kafli sem útskýrir hvaða aðferðir voru notaðar við öflun gagna fyrir rannsóknina. Þar er gerð ítarleg grein fyrir því hvernig viðmælendur voru valdir, hvernig framkvæmd viðtalanna fór fram og hvernig gögnin voru greind. Í fjórða kafla eru niðurstöður kynntar og skiptist kaflinn í fjóra þætti sem stóðu upp úr viðtölunum: tengslanet, tungumál, háskóli og staðsetning. Niðurstöður leiddu í ljós að tengslanet er það sem skiptir mestu máli þegar kemur að félagslegri aðlögun skiptinema og tungumál fylgir þar fast á eftir. Niðurstöður okkar sýndu einnig fram á að staðsetning hefur mikil áhrif á félagslega aðlögun en skortur er á rannsóknum á þessum tengslum innan fræðasviðsins. Í fimmta kafla eru umræður þar sem niðurstöður eru settar í fræðilegt samhengi og rannsóknarspurningum er svarað. Í sjötta og síðasta kafla ritgerðarinnar eru lokaorð sett fram þar sem höfundar greina frá gildi rannsóknarinnar og setja fram tillögur af áframhaldandi rannsóknum.

2 Skiptinám í allri sinni dýrð

Í þessum kafla verður skýrt frá því hvað skiptinám er og hverskonar rannsóknir hafa verið gerðar á því viðfangsefni. Kaflinn skiptist í þrjá undirkafla þar sem fyrsti segir frá skiptinámi, þeim styrkjum sem hægt er að sækja um fyrir skiptinám og þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar um skiptinám bæði hér á landi og erlendis. Annar kaflinn greinir frá aðlögun og hvernig hún getur verið mismunandi. Lögð verður sérstök áhersla á félagslega aðlögun sem er mikilvægur þáttur í aðlögun skiptinema. Þriðji, og jafnframt síðasti kaflinn, segir frá Háskóla Íslands þar sem einblínt verður á ferðamálafræði, hvernig skiptinámi er háttað frá Háskóla Íslands og sjónum beint að nemendum innan skólans.

2.1 Hvað er skiptinám?

Alþjóðlegt skiptinám er hugtak sem nær yfir hreyfingu nemenda þegar þeir sækja nám til annarra landa (Harari, 1992). Margar ástæður geta legið að baki þess að sækja um skiptinám og má þar sem dæmi nefna leit að nýrri upplifun, prófa að búa í öðru landi og kynna nýrri menningu og læra nýtt tungumál. Þessir þættir tengjast náið ástæðum ferðamanna til að ferðast og er það athöfnin ferðalag sem tengir skiptinema og ferðamenn saman. Þar sem skiptinemar hafa fyrir fram ákveðna dagsetningu á dvöl sinni, telst athöfnin að sækja nám erlendis sem ferðaupplifun (Stone og Petrick, 2016). Markmið nemendaskipta eru meðal annars að auka færni og styrkja möguleika einstaklinga á vinnumarkaði að námi loknu sem og að auka gæði háskólanáms með því að bjóða upp á fjölbreyttari námsmöguleika. Kannanir hafa sýnt fram á að tímabundið nám í öðru landi geti stuðlað að persónulegri og félagslegri þróun sem og að vera námslega gefandi (European Commission, 2019).

Margir háskólar eru með námssamning við aðra erlenda háskóla sem gera skiptinimum kleift að læra í öðrum háskólum. Stærsta stofnunin sem hjálpar skiptinimum að komast á milli landa er Erasmus. Erasmus var stofnað árið 1987 til að gera háskólanemendum kleift að taka hluta af námi sínu í öðrum háskóla innan Evrópusambandsins. Í dag eru yfir 5000 háskólar í 37 löndum með samninga sín á milli sem gefur háskólanemendum fjölbreytt val ef þeir kjósa að fara í skiptinám. Ásamt því að bjóða upp á nemendaskipti þá býður Erasmus einnig upp á kennaraskipti auk ýmissa samstarfsverkefna milli háskóla. Verkefni á vegum Erasmus geta tekið frá allt að þremur mánuðum upp í ár (Erasmus Programme, 2019). Frá stofnun Erasmus hafa 10 milljónir Evrópubúa notið stuðnings áætlunarinnar (European Commission, 2019). Ísland tók fyrst þátt í verkefnum á vegum Erasmus árið 1991 og síðan þá hafa rúmlega 30 þúsund Íslendingar verið hluti af verkefnum á vegum Erasmus (Rannís, 2018).

2.1.1 Styrkir

Ýmsir styrkir eru í boði fyrir nemendur sem hyggjast sækja um skiptinám. Flestir styrkir koma frá Erasmus+ en það var sett á laggirnar árið 2014 sem styrkjaáætlun Evrópusambandsins fyrir mennta- æskulýðs- og íþróttamál allt til ársins 2020. Erasmus+ hefur á þessum sex árum 14,7 milljarða evra til að nota í styrki og fellur skiptinám þar undir

(European Commission, 2019). Einnig býðst nemendum sem sækja um skiptinám á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum að nýta sér Nordplus styrkinn. Eins og nafn styrksins gefur til kynna er lögð áhersla á að efla norræna þætti líkt og norræn tungumál, menningu og stuðla að gæði í menntun innan viðkomandi landa (Nordplus, 2018).

Einnig býðst nemendum sem hyggja á skiptinám utan Evrópu að sækja um aðra styrki en hver styrkur býðst einum nemenda árlega. Watanabe styrkir bjóðast nemendum og kennurum sem hafa áhuga á að stunda hluta af námi sínu eða rannsóknum í Japan eða á Íslandi. Styrkirnir bjóðast bæði grunn- og framhaldsnemum við Háskóla Íslands og einnig stuðlar styrkurinn að kennaraskiptum milli viðkomandi landa (Háskóli Íslands, 2019b). Nemendur sem sótt hafa um skiptinám við Minnesota-háskólann geta sótt um Val Bjornson styrk sem nemur skólagjöldum og dvalarkostnaði. Námsmenn við Háskóla Íslands sem og þeir sem stefna á fullt framhaldsnám við Minnesota-háskóla koma til greina sem umsækjendur (Háskóli Íslands, 2019b).

2.1.2 Rannsóknir

Skiptinám getur átt sér stað bæði innanlands sem og alþjóðlega. Rannsóknir sem beinast að skiptinámi einblína þó mun oftast á alþjóðlegt skiptinám og þá sérstaklega innan vestrænna ríkja og þeirra sem kjósa að fara með Erasmus (Messer og Wolter, 2007). Meðal annars má finna rannsóknir sem skoða hvata nemenda til þess að sækja um skiptinám og hvað það er sem stýrir vali þeirra á áfangastað. Niðurstöður rannsóknar sem kannaði hvata nemenda frá 26 evrópskum löndum til að sækja um skiptinám með Erasmus sýndu að nemendur sem sækja um skiptinám sækjast fyrst og fremst eftir persónulegum og faglegum gróða. Þeir virðast velja áfangastaði í tengslum við ímynd og markaðssetningu staðar fremur en orðspors háskólans sem sótt er um í og þær námsleiðir sem þar bjóðast (Lesjak, Juvan, Ineson, Yap og Axelsson, 2015). Nemendur sem sækja um skiptinám eru oftast en ekki í leit að nýrri upplifun og nýjum ævintýrum líkt og ferðamenn. Finna má svipaða hvata hjá ferðamönnum og nemendum sem einkennast af innri þáttum (e. push factors) sem hvetja viðkomandi til að ferðast og ytri þáttum (e. pull factors) sem toga viðkomandi til ákveðins áfangastaðar (Chon, 1990). Þegar ákvörðun um að sækja um skiptinám er tekin, eru ytri þættir mun oftast sterkari en innri þættir. Þetta geta verið þættir líkt og ævintýraþrá, breytt veðurfar, betri samgöngumáttar og betra aðgengi að menntun (Parkins, 2010). Með því að vera hvattur áfram af ytri þáttum, eru auknar líkur á því að skiptinemar séu yfir heildina litið ánægð með skiptinámið sitt (Jenssen, 2003).

Hugsanleg tekjuaukning við lok náms er þáttur sem vegur ekki hátt þegar leitað er eftir svörum við þeim hvötum sem fá nemendur til að sækja um skiptinám. Rannsakendur virðast þó áhugasamir að kanna hvort að tenging geti legið á milli þess að hafa farið í skiptinám og bjóðast betri laun í vinnu sem krefst ákveðinnar menntunar. Niðurstöður rannsóknar sem kannaði atvinnumöguleika að loknu námi nemenda sem fóru í skiptinám í gegnum Erasmus sýndu fram á að skiptinám hafi jákvæð áhrif á atvinnumöguleika ungs fólks. Að loknu námi er oft mikil samkeppni á vinnumarkaði og þeir sem hafa farið í skiptinám búa oftast yfir víðtækari reynslu en þeir sem hafa ekki farið í skiptinám sem gefur þeim forskot á atvinnumarkaði (Jones, Coelen, Beelen og Wit, 2016).

2.1.3 Íslenskar rannsóknir

Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir um skiptinema á Íslandi, hvorki um þá sem sækja nám erlendis né þá sem sækja nám til Íslands. Dagur Sindrason, nemandi við HR, rannsakaði viðhorf til Íslands hjá hinum almenna ferðamanni og skiptinimum á Íslandi í lokaverkefni sínu til bakkalárgráðu. Rannsóknin er byggð frá viðskiptafræðilegu sjónarhorni en þar skoðar Dagur hvort skiptinemar horfi öðrum augum á Ísland samanborið við erlenda einstaklinga sem svöruðu viðhorfsrannsóknum Íslandsstofu. Niðurstöður hans sýndu fram á að skiptinemar eru almennt jákvæðari gagnvart íslenskum vörum og ferðalögum innanlands heldur en svarendur viðhorfsrannsókna Íslandsstofu (Dagur Sindrason, 2018). Einnig hefur verið gerð rannsókn um hvort mismunandi menningarbakgrunnur nemenda hafi áhrif á þvermenningarlega aðlögun einstaklinga sem koma til Íslands. Þar var á ferð Svala Guðmundsdóttir sem skrifaði og flutti grein í tengslum við vorráðstefnu Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands árið 2011. Henni fannst vanta rannsóknir sem beinast að því hvort bakgrunnur einstaklinga skipti máli í aðlögunarferli þar sem flestar aðrar rannsóknir vanrækja að huga að því að einstaklingar geta aðlagast öðruvísi vegna mismunandi menningarbakgrunns. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að munur sé á félagslegri aðlögun miðað við menningarbakgrunn skiptinemans þar sem nemendur frá Skandinavíu áttu auðveldara með að aðlagast íslenskri menningu en aðrir nemendur (Svala Guðmundsdóttir, 2011).

Ein rannsókn hefur verið gerð á Íslandi um ferðamálafræði og voru þar á ferð tveir nemendur, þær Björk og Margrét, sem skrifuðu BS ritgerðina sína um hver staða nemenda væri eftir nám í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Gerðu þær samanburð á viðhorfum nemenda og fulltrúa atvinnulífsins og báru það saman við námskrá Háskóla Íslands um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda við ferðamálafræði ásamt þeim hæfniviðmiðum sem háskólinn setur. Helstu niðurstöður þeirra sýndu að aðilar atvinnulífsins telja nám í ferðamálafræði við Háskóla Íslands of fræðilegt fyrir almenn störf í ferðaþjónustu og að skortur er á hagnýti varðandi uppbyggingu og innihald námsins (Björk Gunnarsdóttir og Margrét Þórðardóttir, 2017).

2.2 Aðlögun

Að fara í skiptinám í öðru landi felur oft en ekki í sér aðlögun að nýrri menningu, nýju tungumáli og nýju samfélagi. Aðlögun einstaklinga getur verið margþætt og fer það eftir ýmsu hversu vel aðlögun tekst. Hugtakið aðlögun má skilgreina á margvíslegan hátt en fræðimennirnir Runco og Pritzker (1999, bls. 9) skilgreindu aðlögun sem „að aðlaga sjálfan sig að umhverfisaðstæðum með samræmi, samkomulagi eða auðsveipni; að aðlagast eða beita reynslu af notkun eða vali á umhverfi til persónulegs ávinnings; að breyta eða umbreyta umhverfinu þannig að það henti einstaklingnum.“

Að fara í skiptinám í öðru landi felur oft en ekki í sér aðlögun að nýrri menningu, nýju tungumáli og nýju samfélagi. Aðlögun einstaklinga getur verið af ólíkum toga og fer það eftir ýmsu hversu vel aðlögun tekst. Þegar fjallað er um aðlögun í fræðilegu samhengi er algengt að skipta henni upp í félagslega aðlögun sem snýr að samskiptum þar sem tungumálakunnátta skiptir miklu máli og síðan almenna aðlögun sem snýr að því hversu vel einstaklingar aðlagast nýjum aðstæðum þar sem þeir þurfa að aðlagast nýjum

lífstílsbreytingum við flutningar. Má þar nefna sem dæmi almenningssamgöngur, nýjar matarvenjur og verslanir og ólíkt veðurfar (Webb og Wright, 1996).

2.2.1 Menningarsjokk

Hugtakið menningarsjokk hafa margir notað og þá oft í tengslum við ferðalög á nýja staði. Menningarsjokk er afleiðing af þeim kvíða sem einstaklingur upplifir þegar hann fer úr sinni menningu yfir í aðra og glatar þar með þeim siðum og óskrifuðum reglum sem hann þekkir. Þessir siðir geta til dæmis verið hlutir úr hversdagslífinu; hvernig þú átt að heilsa manneskju sem þú ert að hitta í fyrsta skiptið, hvort og hvenær þú átt að gefa þjórfe, hvenær þú átt að taka staðhæfingum alvarlega og hvenær ekki. Frá því að einstaklingur byrjar að læra að tala, lærast þessar óskrifuðu reglur og verða hluti af öllum samskiptum einstaklingsins, jafnvel þó hann taki ekki eftir því sjálfur (Oberg, 1954).

Þegar einstaklingur flytur svo í aðra menningu þá eru allir þessir siðir og óskrifaðar reglur sem hafa fylgt honum í gegnum lífið horfnar. Þá skiptir ekki máli hversu víðlesinn hann er eða hversu opinn hann er fyrir nýjum hlutum, tengslin við menninguna eru farin og því fylgja ákveðnar tilfinningar eins og kvíði og gremja. Flestir bregðast við þessum breytingum á mjög svipaðan hátt en í fyrstu er algengt að hafa andúð á nýja landinu sem þeir eru komnir í og fólkinu sem þar býr. Önnur hlið á menningarsjokki er þegar viðkomandi finnst allir hlutir verða miklu betri í heimalandinu sínu og allt það slæma við heimalandið sitt gleymist. Einstaklingurinn getur ekki beðið eftir að komast aftur heim í það góða líf sem þar býður (Oberg, 1954).

Þó svo að einstaklingar geti brugðist misjafnt við menningarsjokki er oftast hægt að greina fjögur þrep í framvindu aðlögunar (Oberg, 1954). Fyrsta þrepið er þegar einstaklingurinn mætir á nýjan stað og er heillaður af öllu því nýja sem hann sér og upplifir. Hann gistir á hóteli og kynnist heimamönnum sem tala sama tungumál og hann og eru almennt kurteisir við ferðamenn. Þetta þrep getur enst í nokkrar vikur en breytist ef einstaklingurinn dvelur lengur en það í landinu. Þá kemur annað þrep fram sem getur oft einkennst af pirringi einstaklingsins í garð annarra. Þá upplifir hann vandamál en finnst eins og heimamenn séu áhugalausir um þessi vandamál sem einstaklingurinn lendir í; hvort sem það er í skólanum, í búðinni eða í vinnunni. Þó heimamenn reyni að hjálpa til þá skilja þeir ekki hversu mikilvægt það er að komast yfir þessi vandamál sem gerir það að verkum að einstaklingurinn upplifir höfnun og fer að ýta fólki frá sér. Oft skapast fjandsamlegt umhverfi í kringum þennan einstakling og á hann mjög erfiða daga og fer oft á tíðum að tala illa um menninguna og heimamenn. Ef einstaklingurinn kemst í gegnum þetta þrep þá heldur hann áfram að aðlagast samfélaginu, ef ekki þá fer hann aftur til sín heimalands. Ef einstaklingurinn heldur áfram að búa í nýja landinu þá fer hann að læra meira inn á menninguna og fer að skilja tungumálið. Hann hættir að upplifa pirring í garð heimamanna, fer að sjá bjartari hliðar á tilverunni og líður almennt betur í umhverfinu. Fjórða og seinasta þrepið er svo þegar einstaklingurinn er búinn að aðlagast menningunni eins mikið og hann mun gera. Þá er einstaklingurinn ekki bara farinn að samþykkja alla siði og óskrifaðar reglur heldur er hann búin að tileinka sér þær (Oberg, 1954).

2.2.2 Þrjár víddir aðlögunar

Aðlögun hefur verið flokkuð í þrjár víddir; almenn aðlögun (e. general adjustment), vinnuaðlögun (e. work adjustment) og félagsleg aðlögun (e. social adaptation) (Black, 1988; Black, Mendenhall og Oddou, 1991; Black og Stephens, 1989).

Almenn aðlögun getur verið allt frá því að aðlagast ólíku veðurfari upp í að aðlagast breyttum matarvenjum og samgöngum. Líklegra er að einstaklingur upplifi menningarnýjung í samskiptum og athöfnum utan vinnustaðar (Black o.fl, 1991). Fjarlæg lönd geta haft gjörólík veðurskilyrði sem getur tekið tíma að aðlagast og væri þá líklegra að sá sem kemur frá kaldari stað ætti auðveldara með að aðlagast heitari stað en öfugt. Einnig má taka dæmi um Ísland þar sem algengasti ferðamáti Íslendinga er einkabílinn en annarsstaðar eru almenningsamgöngur mun algengari og því þyrfti ákveðin aðlögunartíma fyrir Íslendinga í öðrum löndum til að venjast breyttum samgöngumáta.

Vinnuaðlögun felur, svo dæmi sé tekið, í sér hve vel einstaklingur nær að aðlagast nýjum vinnugildum. Ef hlutverk og verkefni einstaklings eru ekki nógu skýr, til dæmis vegna vanþekkingar á menningu vinnustaðar, getur komið upp ágreiningur milli starfsmanna sem getur aukið óvissu og hamlað aðlögun. Því betur sem einstaklingur þekkir hlutverk sitt innan fyrirtækisins, því öruggari verður hann á vinnustaðnum og þar af leiðandi verður aðlögun auðveldari (Black o.fl, 1991).

Félagsleg aðlögun felur í sér öll þau samskipti sem eiga sér stað meðal einstaklinga og hversu vel einstaklingur tekst að aðlagast tjáningarformi líkt og hvernig eigi að haga sér í ákveðnum aðstæðum. Það getur verið gríðarlegur menningarmunur milli einstaklinga sem birtist í mismunandi tungumáli, trúarbrögðum, siðum og gildum, daglegum venjum, fjölskylduformi og almennum viðhorfum um heiminn. Búast má við að því betri tók sem einstaklingur hefur á tungumálinu, því auðveldara eigi hann með samskipti við heimamenn (Black o.fl, 1991).

2.2.3 Félagsleg aðlögun

Megin áskoranir skiptinema sem snúa að félagslegri aðlögun er að eignast vini og eiga í samskiptum við einstaklinga frá öðrum menningum. Að eignast vini á nýjum stað segir mikið til um hversu hratt og vel skiptinemar aðlagast lífsháttum og námi viðkomulands. Aðlögun í viðkomulandi getur verið miserfið fyrir einstaklinga og fer aðlögunin mikið eftir því hversu ólík menning viðkomulandsins er í samanburði við heimaland skiptinemans sem og tókum á tungumáli. Skiptinemum finnst oftast en ekki auðveldara að eignast alþjóðlega vini þar sem þeir eru að ganga í gegnum sömu hluti hvað varðar aðlögun í nýju landi (Byrne, Brugha og McGarvey, 2019). Þar kemur tungumálakunnátta einnig sterk inn en því betri eða öruggari sem skiptineminn er í ensku, því meiri líkur eru á því að hann þrói þvermenningarleg (e. intercultural) vinasambönd (Hendrickson, Rosen og Aune, 2011). Skiptinemar sækjast oftast en ekki í að kynnst fólki frá því landi sem þau fara til þar sem þeim finnst líklegra að þeir munu til að mynda kynnst meira framandi stöðum en þeir hefðu annars farið til (Byrne o.fl, 2019). Þó er algengara að skiptinemar tengist öðrum skiptinemum og í því felast margir kostir. Fyrst má nefna öryggið í því að finnast maður ekki vera einn í nýju umhverfi þegar aðrir eru að upplifa svipaða hluti. Einnig hafa einstaklingar tækifæri til þess að kynnst ekki einungis menningu viðkomulands, heldur einnig menningu

nýrra vina. Að lokum má nefna kosti þess að eiga vini um allan heim að loknu skiptinámi. Aukin félagsleg tengsl leiða einnig til betri aðlögunar skiptinemans en það getur tekið mismilangan tíma (Hendrickson, o.fl, 2011).

Samfélagsmiðlar eiga einnig stóran þátt í að stækka tengslanet skiptinema en rannsóknir hafa sýnt fram á að þeir skiptinemar sem nota samfélagsmiðla mikið eiga stærra og fjölbreyttara tengslanet í þeim löndum sem þau sækja nám í samanborið við þá skiptinema sem nota lítið samfélagsmiðla. Sterkara tengslanet hjá skiptinemum auðveldar aðlögun að nýrri menningu til muna og þeir standa sig betur í námi (Forbush og Foucault-Welles, 2016). Samfélagsmiðlar hjálpa einnig til við að halda tengslanetinu sterku eftir að skiptináminu líkur þar sem auðvelt er að halda þar sambandi við fólk út um allan heim. Gott tengslanet hjálpar einnig til við að komast yfir þær hindranir sem felast í því að aðlagast nýrri menningu og kynnast samfélaginu sem skiptineminn er að fóta sig í (Sawyer og Chen, 2012). Ein af þeim hindrunum er heimþrá, en það er tilfinning sem skiptinemar upplifa oft þegar þeir eru að aðlagast nýju samfélagi. Heimþrá er hægt að tengja beint við skort á félagslegu tengslaneti og því upplifa þeir einstaklingar sem byggja upp vinasambönd og búa við félagslegan stuðning minni heimþrá. Vinasambönd og tengslanet spila því stóran þátt í aðlögun skiptinemans og geta aukið lífsánægju hans til muna (Hendrickson o.fl, 2011).

Það að búa í framandi landi yfir ákveðið tímabil, hvort sem það er í eitt eða tvö misseri, krefst einnig menningar- og félagslegrar aðlögunar sem getur verið miserfið fyrir einstaklinga og veltur það á ýmsu hversu vel og fljótt þeir aðlagast nýju samfélagi og nýrri menningu. Þegar skiptinemar mæta á nýja staði þurfa þeir oftar en ekki að læra nýja siði og reglur sem fylgja nýju samfélagi. Rannsóknir hafa sýnt fram á það að menningarsjokk hefur neikvæð áhrif á upplifanir skiptinema sama hversu lítið eða mikið sjokkið er (Heuer og Bengiamin, 2001). Einnig hafa rannsóknir verið gerðar á viðhorfi skiptinema gagnvart heimamönnum þar sem horft er á þær hindranir sem lita áhrif skiptinemans á heimamönnum en það getur til dæmis verið tungumálaörðugleikar. Með því að þróa tungumálakunnáttu og í leiðinni samskiptahæfni eiga skiptinemar auðveldara með að aðlagast nýja samfélaginu sem leiðir til jákvæðari upplifun af skiptináminu í heild sinni (Yang, Noels og Saumure, 2006).

Ýmis vandamál geta þó komið upp í menningar- og félagslegri aðlögun skiptinemendanna. Rannsókn sem unnin var af skiptinemum í Lettlandi skoðaði hvaða mikilvægu þætti mætti finna í aðlögunarferli Erasmus nemenda í háskólum þar. Kom í ljós að helsta vandamálið sem skiptinemar eru að glíma við er skortur á mikilvægum upplýsingum frá viðtökulandinu og háskólanum sínum (Vevere, Resentini og Alfaya, 2017). Finnland er þó dæmi um land sem stendur sig vel í að miðla upplýsingum til alþjóðlegra nemenda sinna en þar var tekið upp á því að búa til handbók sem kennir hvernig almennir hlutir virka í Finnlandi. Þar er allskonar fróðleikur um landið og hvernig dagleg samskipti eru á þeim slóðum til að hjálpa erlendum nemendum að aðlagast nýju samfélagi (Dervin og Layne, 2013).

Jákvætt viðhorf í garð heimamanna skiptir máli þegar kemur að aðlögun einstaklinga í nýju landi. Samskipti við heimamenn getur hjálpað einstaklingi að tileinka sér viðeigandi hegðun í nýjum aðstæðum sem hefur jákvæð áhrif á aðlögun (Black, 1988). Rannsóknir sýna ítrekað fram á það að kynþáttafordómar finnast í miklum mæli meðal Evrópubúa og birtast þeir oft í svokölluðum duldu fordómum. Duldir fordómar byggja oft á lítillsvirðingu í garð “hinna” sem birtist í fjarlægð og félagslegri einangrun þeirra en duldir fordómar grundvallast ýmist á upprunna þeirra, þjóðerni, kynferði eða litarhætti (Thomas, Pflanzl og Völkl, 2016).

Þeir hvatar sem eru hvað algengastir sem ástæður þess að velja skiptinám eru væntingar, þjóðhverfur hugsunarháttur, fordómar og áhugi erlendra tungumála (LeCrom, Greenhalgh og Dwyer, 2015). Sýnt hefur verið fram á að skiptinemar standi sig almennt betur en aðrir í samskiptum við einstaklinga frá mismunandi menningum og á það einnig við áður en þeir fara í skiptinám (LeCrom o.fl, 2015). Náin samskipti tveggja hópa geta verið skilvirk leið til að draga úr fordómum á milli hópa (Allport, 1954) en rannsóknir hafa sýnt fram á að skiptinám auki umburðarlyndi milli hópa, vitundarvakningu annarra menningar og hæfni til að samþykkja og aðlagast mismunandi menningu (Black og Duhon, 2006). Því er líklegt að skiptinemar séu almennt með opnara hugarfar gagnvart umheiminum en þeir sem ekki fara í skiptinám (LeCrom o.fl, 2015).

2.3 Háskóli Íslands

Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 og er hann fyrsti og jafnframt elsti háskóli landsins. Í háskólanum eru fimm fræðasvið og 26 deildir ásamt þverfaglegu framhaldsnámi. Árið 2017 stunduðu 2.088 nemendur nám innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs (Háskóli Íslands, 2018). Ferðamálafræði fellur þar undir og er innan Líf- og umhverfisvísindadeildar. Ferðamálafræði er þverfaglegt nám þar sem ýmis fræðasvið koma saman, þar á meðal náttúru- og umhverfisfræði, menningarfræði, viðskiptafræði og skipulagsfræði. Námið er þrjú ár sem samanstendur af 180 einingum og líkur með BS gráðu sem gefur nemendum titilinn ferðamálafræðingur. Námið snýr að ólíkum þáttum ferðamennsku og áhrifum þeirra á umhverfi, menningu og hagkerfi. Einnig er fræðst um samspil ferðaþjónustu og náttúru, hvernig hægt er að bjóða upp á afþreyingu og á sama tíma, vernda náttúruna (Háskóli Íslands, 2019a).

Háskóli Íslands býður upp á skiptinám fyrir nemendur sína og er í samstarfi við yfir 400 háskóla út um heim allan þar sem möguleiki er á að velja eitt misseri eða tvö misseri. Skiptinám er tækifæri fyrir nemendur sem vilja víkka sjóndeildarhringinn, kynnast nýju fólki og upplifa menningu annarra þjóða. Hægt er að telja upp ótal margar ástæður fyrir því að fara í skiptinám og alþjóðleg reynsla virðist verða sífellt mikilvægari þegar horft er til frekara náms og vinnumarkaðar. Námsframboð erlendra háskóla er gríðarlega fjölbreytt og gefur nemendum kost á að velja námskeið sem höfða til þeirra áhugasviðs. Nemendur öðlast oft nýja sýn á kennsluáferðum og uppbyggingu náms erlendra háskóla sem opnar augu þeirra fyrir nýjum hugmyndum á nýtingu námsins. Skiptinám hefur ekki áhrif á námstíma nemenda ef þeir klára fullt misseri sem er 30 ECTS einingar og því gefur skiptinám gott tækifæri á fjölbreyttara námi án þess að seinka útskriftardegi nemenda. Nemendur sem stunda skiptinám greiða einungis árlegt skrásetningjargjald við Háskóla Íslands sem gefur þeim kost á að stunda nám við virta háskóla um allan heim án þess að borga há skólagjöld. Sé sótt um skiptinám innan Evrópu gefst nemendum kostur á að sækja um ferða- og dvalarstyrk hjá Erasmus+ og Nordplus sem gefur nemendum tækifæri á að sækja nám í öðrum háskólum án auka kostnaðar (Háskóli Íslands, 2019a).

2.3.1 Nemendur við Háskóla Íslands

Árið 2017 voru samtals 12.296 nemendur skráðir við Háskóla Íslands og voru konur í meirihluta eða 66% nemenda. Flestir voru í grunnnámi eða 61.9% nemenda og þar af 64%

konur. Þegar horft er til nágrannalanda okkar má sjá að ekkert land er með jafn hátt hlutfall af háskólanemum yfir þrítugt eins og Ísland, en meðalaldurinn hér á landi er 29,7 ár. Einnig eru kynjahlutföll nemenda mun ójafnari á Íslandi en í Evrópu þar sem mun fleiri konur stunda háskólanám á Íslandi en karlar (Mennta - og menningarmálaráðuneytið og Rannís, 2018). Íslenskir nemendur eru mun líklegri að gera hlé á námi eftir framhaldsskóla og byrja því seinna í háskóla en nemendur frá öðrum löndum. Þau vinna einnig mun meira en gengur og gerist í öðrum löndum þar sem þau verja meira en 50 stundum á viku í launaða vinnu og nám, en það er meira en nokkuð annað land í Evrópu. Þó tróna íslenskir nemendur í öðru sæti yfir áhugasömustu nemendur Evrópu um framhaldsnám erlendis (Mennta - og menningarmálaráðuneytið og Rannís, 2018). Árið 2017-2018 fóru 286 nemendur í skiptinám frá Háskóla Íslands (Háskóli Íslands, 2018). Algengast er að íslenskir háskólanemar fari í tímabundið nám innan Evrópu (Mennta - og menningarmálaráðuneytið og Rannís, 2018) en tæpur þriðjungur íslenskra nemenda stefnir á að fara erlendis í skiptinám. Vinsælasta landið til að fara í skiptinám frá Íslandi er Danmörk en Bretland og Bandaríkin fylgja þar fast á eftir (Mennta - og menningarmálaráðuneytið og Rannís, 2018).

3 Rannsóknin

Þessi rannsókn byggir á eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem áherslan er á að nota gögn úr orðum, eins og frásögnum eða viðtölum og í sumum tilvikum eru jafnvel myndir notaðar (Bryman, 2016). Unnið var með djúpvíðtöl í rannsókninni en þau eru gjarnan notuð þegar unnið er með eigindlegar aðferðir þar sem spurningar eru opnar og leiða viðmælendann ekki áfram heldur gefa honum frelsi til að svara á eigin forsendum. Markmiðið er að skilja upplifun og viðhorf hvers og eins viðmælenda (Bryman, 2016).

3.1 Þátttakendur

Í þessari rannsókn voru viðmælendur valdir með markvissu úrtaki en þá eru ákveðnar forsendur sem ráða því hvaða viðmælendur verða fyrir valinu (Bryman, 2016). Settar voru fram þær forsendur að viðmælendi hafði farið út í skiptinám á meðan stundað var nám í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Við fengum lista með nokkrum skiptinimum úr ferðamálafræði og byrjuðum á að senda á þau kynningarbréf (sjá Viðauka A) þar sem við sögðum stuttlega frá rannsókninni og hvort þau hefðu áhuga á að koma í viðtal til okkar. Við fengum jákvætt svar frá öllum nema einum. Við tókum viðtöl við sex nemendur sem öll fóru í skiptinám hvert í sínu landi. Viðtölin voru hljóðrituð með samþykki viðmælenda. Viðtölin eru bundin trúnaði og verða því notuð gervinöfn þegar talað er um viðmælendur. Viðtölin voru tekin í eftirfarandi röð:

- **Kristján**, 26 ára. Fór í skiptinám til Slóveníu á öðru ári í náminu og dvaldi þar í eitt misseri. Hann fór með vini sínum úr ferðamálafræði.
- **María**, 25 ára. Fór í skiptinám til Nýja Sjálands á sínu öðru ári. Hún dvaldi þar í tvö misseri og bjó í litlum bæ á norður eyjunni.
- **Hildur**, 24 ára. Fór í skiptinám til Ástralíu með kærastanum sínum í eitt misseri.
- **Erla**, 24 ára. Fór í skiptinám til Kanada með kærastanum sínum í eitt misseri.
- **Jónína**, 24 ára. Fór í skiptinám til Englands í tvö misseri. Hún bjó í bæ í suðausturhluta Englands.
- **Alexandra**, 23 ára. Fór í skiptinám til Noregs með kærastanum sínum. Hún ætlaði upprunalega að fara í tvö misseri en kom heim eftir eitt misseri þar sem kærastinn hennar fékk ekki vinnu í Noregi.

3.2 Framkvæmd viðtalanna

Viðtölin fóru öll fram í júní 2019 og buðumst við til að koma heim til viðmælenda okkar til að bjóða upp á afslappað andrúmsloft. Því voru öll viðtölin nema tvö tekin upp heima hjá viðmælendum, hin tvö voru tekin heima hjá öðrum rannsakanda þessarar rannsóknar þar sem húsnæði þeirra viðmælenda bauð ekki upp á næði fyrir viðtalið. Áður en viðtölin hófust skrifuðu allir viðmælendur undir yfirlýsingu um upplýst samþykki sem sjá má í Viðauka B.

Þar var rannsóknin útskýrð og þeim gert ljóst að í umfjöllun um rannsóknina og í niðurstöðum yrði nafnleynd haldið við viðmælendur. Það er gert til að koma í veg fyrir að hægt sé að þekkja viðmælendur út frá niðurstöðum. Þeir sem þekkja til samfélags ferðamálafræðinnar gætu þó verið líklegir til að greina hverjir viðmælendur eru en viðmælendur eru upplýstir og samþykkir því. Viðtölin voru hálfstöðluð þar sem við studdumst við viðtalsramma sem hafður var til viðmiðunar um þau atriði sem við vildum koma inn á og má sjá í Viðauka C. Viðtalsramminn var sveigjanlegur þar sem hann breyttist örlítið milli viðtala og bættum við atriðum sem okkur fannst athyglisvert að spyrja nánar út í. Með því að hafa opin viðtalsramma, fær viðmælandi að koma upplifunum og skoðunum sínum inn í viðtalið. Notast var við opnar spurningar sem fá viðmælanda til þess að hugsa og grafa dýpra sem leiðir oft til innihaldsríkra svara (Bryman, 2016). Flest viðtölin voru á milli 40-50 mínútna að lengd nema eitt viðtal sem var um 20 mínútur að lengd.

3.3 Greining gagna

Aðferð grundaðrar kenningar var beitt við greiningu viðtalanna en í því felst að greining hefst eins fljótt og hægt er svo að hugleiðingar og athugasemdir rannsakenda komist á blað sem fyrst (Bryman, 2016). Greining gagna hófst strax að loknu fyrsta viðtali þar sem við tókum upp hugleiðingar okkar og ræddum okkar á milli hvað okkur fannst standa upp úr í viðtalinu. Afritun viðtalanna byrjaði strax að hugleiðingum loknum. Að lokinni afritun, voru viðtölin prentuð út og hafist handa við að kóða þau. Viðtölin voru kóðuð hvert í sínu lagi og byrjuðum við á opinni kóðun (e. open coding) þar sem við flokkuðum frásagnir viðmælanda niður í lykla og þemu og komu ákveðin mynstur fram úr viðtölunum. Síðan unnum við að því að skoða tengsl lyklanna sín á milli með öxulkóðun (e. axial coding) þar sem við bárum saman þá lykla og þau þemu sem komu fram í opinni kóðun. Að lokum voru lyklarnir sameinaðir og þeim skipt upp í fjögur þemu sem leggja grunninn að niðurstöðukaflanum. Þemun eru: Tengslanet, tungumál, háskóli og staðsetning.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verða dregnar fram helstu niðurstöður viðtalanna. Kaflanum er skipt niður í fjögur þemu sem höfðu hvað mest áhrif á félagslega aðlögun skiptinemanna og hvernig þeim tókst að aðlagast þeim samfélögum sem þau voru í.

4.1 Tengslanet

Tengslanet er gríðarlega mikilvægur þáttur þegar kemur að aðlögun skiptinemans. Allir sex viðmælendur töldu fólkið sem þeir kynntust hafa átt stóran part í upplifun þeirra af skiptináminu. María var þó ein af fáum sem fékk tækifæri til að kynnast heimamanni vel. Hún sá kosti þess að búa í stúdentaíbúð með öðrum skiptinemum og heimamanni og lýsir hún upplifuninni sem svo:

Þau eru alltaf með einn Nýsjálending með öllum skiptinemunum. Þannig fær maður tengingu við samfélagið og krakka á svæðinu þannig maður kynntist strax einhverjum frá Nýja Sjálandi.

María kynntist einnig fjölskyldu hans vel og opnaði það augu hennar inn í heim Nýsjálendinga. Hún taldi skiptinema eiga tiltölulega auðvelt með að líta fram hjá því sem væri að gerast í samfélaginu líkt og í pólitík og sögu landsins en fjölskyldan sem hún kynntist gaf henni ákveðna sýn á líf og skoðanir heimamanna á hinum ýmsu hlutum. María hefur áður farið í skiptináám, þá í menntaskóla og nýttist sú reynsla henni vel í Nýja Sjálandi. Hún taldi mikilvægt að tileinka sér siði og reglur heimamanna og það gerði hún með því að fylgjast með hegðun annarra:

Annað sem ég lærði af því að vera í skiptinámi var að bíða, fylgjast með og herma. Þegar ég ætlaði að fara að gera eitthvað, beið ég eftir að einhver annar gerði það fyrst. Eins og þegar ég var í Frakklandi [í skiptinámi] vissi ég ekki hvort ég ætti að kyssa alla á báðar kinnar þannig ég beið oft eftir vinkonu minni og ef hún gerði það, gerði ég það. Til að koma mér í gegnum allskonar atvik fylgdist ég með hinum og það var eitthvað sem ég gerði líka í Nýja Sjálandi og þá var gott að kynnast strax Nýsjálendingi og sjá hvað þau gera ekki og svoleiðis.

Flestir nefndu að þeir hefðu viljað kynnast heimamönnum betur en þeir hefðu ekki gefið eins gott færi á sér líkt og skiptinemar. Nokkrir töldu félagslífið í háskólanum hafa gefið færi á að kynnast heimamönnum þó það væru ekki eins nán tengsl líkt og við aðra skiptinema. Jónína var í tvö misseri í skiptináminu sínu en flestir vinir hennar sem hún kynntist úti voru einungis í eitt misseri. Hún upplifði því gjörólík misseri þar sem hún hélt sig aðallega innan fimm manna hóps af skiptinemum á fyrra misserinu en skreið síðan ennþá meira út fyrir þægindarammann á seinna misserinu:

Þannig eftir jól var eins og ég hefði bara upplifað annað skiptináám. Það kom nýtt fólk inn og þá skráði ég mig líka [í klifur], ætlaði fyrst að skrá mig í blak en var ekki að

fíla það. Skráði mig síðan í klifur því einn vinur minn var að æfa það. Þá datt maður svolítið inn í hópinn með Bretunum líka. Það var seinni önnina og þá var Erasmus hópurinn allur saman. Við vorum örugglega svona um 30 [manns] í partýum, mjög góður hópur seinni önnina.

Félagslíf í flestum háskólunum var nokkuð virkt og tóku allir viðmælendur þátt í félagslífi innan háskólans á einn eða annan hátt, hvort sem það var að skrá sig í félög líkt og Jónína og Erla gerðu eða að sækja hina ýmsu viðburði. Erla tók virkan þátt í félagslífi háskólans og taldi hún kost að fólk valdi félög tengd áhugamálum en ekki deildum eins og tíðkast við Háskóla Íslands. Þar hittist fólk með sameiginleg áhugamál og taldi hún það auðvelda samræður við fyrstu kynni. Félagslíf innan háskóla viðmælenda var að mestu skipulagt af heimamönnum sem gaf þeim tækifæri á að kynnast bæði heimamönnum og skiptinimum. Erla talaði um menningarsíði Kanadamanna og nefndi þar helst hversu viðkunnanlegir þeir væru:

En af því að Kanadamenn eru svo rosalega kammó og við kynntumst alveg, við fórum á djammíð og kynntumst einhverju fólki sem við enduðum síðan á að fara í ferðalag með. Þetta var ultra kanadísk helgi. Það var varðeldur og allir í köflóttum skyrtum og bakað svona pie á varðeldinum og sungið einhverja kanadíska þjóðsöngva. Frænka mín sem er frá Kanada, sá Instastory hjá mér og sagði bara „vá þetta gerist ekki kanadískara“. Tofino er líka svona þorp þar sem er mikið af frumbyggjum og að upplifa þannig þorp eða svæði var mjög skemmtilegt.

Skiptinám snýst um svo marga hluti og fólk velur að fara í skiptinám af ýmsum ástæðum. Flestir sækjast þó í að kynnast nýrri menningu, jafnvel nýju tungumáli og fólki alls staðar að úr heiminum. Því áttu margir viðmælendur erfitt með að finna jafnvægið milli háskólans og félagslífsins þar sem alltaf var eitthvað um að vera hvort sem það var á vegum háskólans eða hjá vinahópum. Einnig tekur tíma að aðlagast áherslum viðtökuskólans, skrifa og hlusta á annað tungumál og því getur verið áskorun að sinna bæði félagslífi og standa sig vel í háskólanum. Hildur lýsti upplifun sinni á þessu jafnvægi sem svo:

Mér fannst bara geðveikt gaman að vera að kynnast fullt af fólki og gera fullt af skemmtilegum hlutum og skóli er líka svona, æji mér fannst hann svona smá vera fyrir af því að það var alltaf geðveikt gott veður og alltaf eitthvað skemmtilegt þannig að það stressaði mig smá að finna balansinn á milli. En það tókst allt.

Viðmælendum fannst mikil pressa sem skiptinemi að nýta tímann sinn í að upplifa eitthvað nýtt og spennandi á hverjum degi. Margir fóru í skoðunarferðir um staðina sína og aðra bæi og borgir í kring og tóku þátt í öllu sem háskólinn bauð upp á. Þegar leið á dvölinna og viðmælendur höfðu aðlagast samfélaginu betur og byggt upp tengslanet, fóru þau að njóta hversdagslegu hlutina. Það voru þau augnablik sem stóðu upp úr, allar eftirminnilegu minningarnar með nýjum vinum. Eins og María segir:

Ég held það sé bara þessi hópur sem ég var svo heppinn að búa með. Bara það sem við gerðum saman, hvort sem það var að gera ekki neitt þar sem við horfðum á Brooklyn Nine-Nine og borðuðum poppkorn eða þegar við vorum að ganga í tvo daga og vorum bara að væla yfir því að vera þreyttar. Bara svona hversdagslegu hlutirnir sem maður upplifði með fólki og bara að vera þarna úti. Að geta verið svona nálægt

geðveikri náttúru sem var svo svipuð Íslandi en samt ekki. Líka að eiga eitthvað sjálf, að hafa verið þarna og þannig. Mínar minningar.

Allir viðmælendur okkur notuðust við samfélagsmiðla í samskiptum við vini sína á meðan á skiptinámi þeirra stóð. Margir kynntust vinum úr mismunandi deildum í gegnum félagslíf háskólans og því mynduðust allskonar tengsl sem mögulega geta skapað tækifæri í framtíðinni. Erla lýsti ánægju sinni af alþjóðlegum vinasamböndum sem hún sagði veita sér möguleika á að ferðast og geta fengið fría gistingu. Helmingur viðmælenda hefur fengið heimsókn til landsins eftir skiptináms dvöl sína og að sama skapi hafði helmingur viðmælenda planað að heimsækja eða hitta vini erlendis. Því skapa samfélagsmiðlar góðan vettvang til að halda vitund um hvað fólk er að gera. Kristján lenti í skemmtilegri tilviljun þegar hann sá á samfélagsmiðlinum Instagram að vinur sem hann hafði kynnst í skiptináminu væri að ferðast á sama svæði og hann:

Ég var til dæmis í Búdapest fyrir mánuði síðan og þá sá ég bara eitthvað á Instagram að einn sem ég var með úti var á sama tíma [í Búdapest] þannig ég bara eyyy og við hittumst eitthvað þar.

Lengd skiptinámsins, sem varði eitt misseri hjá öllum nema tveimur sem fóru í tvö misseri, ýtti undir sjálfsöryggi viðmælenda. Flestir töluðu um að finna fyrir auknu sjálfsöryggi við að tala ensku og Jónína fann fyrir miklum mun á seinna misseri í ritaðri ensku þar sem hún segist hafa lært meira en hún hafi gert sér grein fyrir. Hún sagði einnig að það hafi tekið tíma að aðlagast umhverfinu og fékk hún að upplifa það að vera hin manneskjan við upphaf skiptináms þar sem hún upplifði sig sem utanaðkomandi í kringum Bretanna. Hún segir að hún hafi ekki tengt við slangurið sem fór á milli þeirra en með tímanum hafi henni fundist hún meira velkomin. Hún lýsir því hvernig skiptinámið hafi dregið hana út úr þægindarammanum:

Ég hugsa að ég sé þínu opnari í að vera í kringum fólk sem að ég þekki ekki vel. Ég þurfti svolítið að ýta sjálfri mér áfram og var þínu stressuð í að vera með einhverju fólkum sem maður þekkir ekki en gera það samt. Það tók mig aðeins út úr þægindarammanum uppá það að gera að ég þarf ekki alltaf að vera með einhverjum sem ég þekki 100% þó það sé alltaf miklu skemmtilegra en þú þarft að byrja á hinu til þess að það gerist. Ég held það hafi hjálpað mér að fara út fyrir þægindarammann og vera meira opin við fólk. Vera meira bara ég.

4.2 Tungumál

Allir viðmælendur voru á sama máli um að tungumálið skipti þau miklu máli þegar þau voru að velja land. Margir völdu sér enskumælandi land til þess að þurfa ekki að standa í því að læra nýtt tungumál en lentu þó í smá erfiðleikum með tungumálið og þá sérstaklega í háskólanum. Eins og Jónína segir okkur hér hvort henni hafi fundist erfitt að aðlagast enskumælandi háskóla:

Já smá. Ég var lengur [að læra] og ég datt auðveldlega út ef ég var ekki að einbeita mér. Maður getur ekki hlustað og verið í tölvunni á sama tíma.

Allir viðmælendur voru með góðan grunn í ensku en fundu þó fyrir öryggisleysi í byrjun skiptináms yfir því að tala tungumál sem þau voru ekki vön að tala. Tungumál var þó líka helsti hvatinn hjá nokkrum viðmælendum til að sækja um í skiptinám eins og Hildur segir frá:

Þú veist en það var aðalega bara enskan hjá mér, ég var einhvern veginn alltaf með geðveikt lítið sjálfstraust í ensku og þess vegna langaði mig svo að fara og það bara kom miklu fyrr en mig hefði grunað. Auðvitað kunní ég ensku en þetta var bara eitthvað í hausnum á mér, maður þarf bara stundum aðeins að venjast.

Tveir af viðmælendum voru í landi sem var ekki enskumælandi og áttu erfiðara með að læra tungumál landsins þar sem enska var oftast notuð, bæði í háskólanum og í vinahópnum þeirra. Alexandra lagði sig þó fram við að læra tungumálið en átti erfitt með að ná því þar sem hún notaði það mjög lítið eins og hún segir frá:

Ég skráði mig í þennan norsku áfanga og ég hefði kannski náð tungumálinu betur ef ég hefði kynnst einhverjum Norðmanni og við hefðum getað reynt að tala saman en það var ekkert þannig og núna man ég geðveikt lítið, það er ógeðslega leiðinlegt.

Kristján lagði mjög litla áherslu á að læra tungumálið þar sem allt var á ensku hjá honum, bæði háskólinn og vinahópurinn. Eina sem hann lærði voru grunnhugtök tungumálsins, frasar á borð við góðan daginn og sjáumst seinna. Tungumálaleysið gerði það að verkum að hann gat ekki talað við heimamenn þar sem þau töluðu mjög litla ensku. Einnig voru lítil samskipti á milli alþjóðanemendanna og nemendanna frá Slóveníu þar sem þau sátu ekki sama tíma af því að tímarnir fóru fram á sitthvoru tungumálinu.

4.3 Háskólinn

Annar þáttur í aðlögun skiptinemans var háskólamenning viðtökulandsins. Allir viðmælendur fundu fyrir ólíkri háskólamenningu samanborið við Háskóla Íslands á einn eða annan hátt. Viðmælendur fóru allir til ólíkra landa og þar af leiðandi ólík menning innan hvers háskóla. Flestir háskólar lögðu mesta áherslu á mætingu og hópverkefni. Erla talaði þó um að henni hafi ekki fundist hópverkefni hjálpa til við að tengjast samnemendum sínum þar sem enska er ekki hennar móðurmál og fann hún fyrir þirringi meðal nemenda heimaskólans. Hún nefnir þar einn áfanga þar sem meirihluti nemenda voru heimamenn:

Svo fórum við í tvo áfanga þar sem ég held að við höfum verið einu skiptinemarnir. En það voru þá svona áfangar þar sem fólk var að fara að útskrifast og var því rosalega einbeitt í að standa sig vel. Svo fór maður kannski í hópverkefni með þeim að skrifa sameiginlega ritgerð og þetta var algjört rugl. Ég meina móðurmálið mitt er ekki enska og svo var ég eitthvað að reyna hjálpa ... sumir urðu fúlir af því að ég var ekki að fara eins mikið yfir en það meikaði bara ekki séns að ég myndi fara að leiðrétta einhverja ensku sem ég sé ekkert að. Fólk var bara að mæta í tíma, gera það sem það þurfti að gera og fara. Þannig það var ekkert mikið verið að tengja þar.

Margir viðmælenda sátu dæmatíma þar sem var mætingaskylda. Þá fundu viðmælendur fyrir pressu að taka þátt þar sem nemendur voru fáir líkt og í litlum bekk. Hildur talaði um að nemendur þyrftu að hafa nafnspjald á borðinu sínu til þess að kennarar gætu spurt hvern og einn nemenda spurninga. Þannig gátu kennarar fylgst með hvort að nemendur væru að lesa fyrir tíma. Hildur lýsir upplifun sinni af háskólanum sem svo:

Sko mér fannst það bara svona svipað [námið]. Af því að þetta eru svo miklir byrjenda áfangar sem ég er í, í aukafaginu [viðskiptafræði]. Þannig að þetta eru bara ógeðslega margir og þetta var bara mjög líkt þannig séð. En mér fannst samt meira verið að halda utan um svona, þú verður að mæta í þennan dæmatíma. Þannig það var geðveik mikil pressa á manni, bara dæmi fjögur og Hildur, hvað er svarið?

Kristján og Erla voru í flestum áföngum miðuðum að skiptinemum og tóku bæði menningartengda áfanga þar sem þau fengu góða innsýn í sögu og viðskiptalíf landanna. Bæði voru þau ánægð með að fá að fræðast um menningu þeirra landa sem þau bjuggu í og nefndi Erla að námið úti hafi gert hana vitrari á öðrum sviðum sem hún taldi ómetanlegt. Kristján taldi áfangana fremur auðveldara og velti fyrir sér hvort það væri að ásettu ráði þar sem einungis var að finna skiptinema í tímunum.

Þetta var mun auðveldara nám en í HÍ [Háskóla Íslands]. Þetta var alveg svona, þú þurftir ekkert að leggja eitthvað alltof mikið á þig til að ná þessu öllu.

Mismunandi var meðal viðmælenda hvers var krafist af háskólum viðkomulands og sumir fengu lítið af upplýsingum um hvað mætti búast við þegar út væri komið. Helmingur viðmælenda stunduðu skiptináminn utan Evrópu og þyrftu því að standast TOEFL próf sem metur enskukunnáttu einstaklinga. Þrátt fyrir óvissu og langan undirbúning sem var á köflum svo snúinn að sumir voru farnir að fá bakþanka líkt og Hildur. Henni fannst TOEFL prófið vera mikil hindrun í aðdraganda umsagnarinnar en sá svo eftir á hversu lítill partur prófið hafi verið á heildina lítið:

Mér fannst ég alveg svona, smá kjánalegt að segja þetta en mér leið þannig þegar ég kom heim, ég var bara óh my god ég gerði þetta bara. Af því að ég var geðveikt stressuð og ég var ótrúlega ánægð með að hafa klárað þetta og fundist svona gaman líka. Af því að þarna mómentið í ágúst var ég bara shit..

Flestir töluðu um persónulega sigra sem þau upplifðu í skiptináminu sínu sem þau voru mjög stolt af og oft voru þetta aðstæður sem þau bjuggust ekki við að þau gætu sigrast á. Alexandra sagði okkur frá stórrí hindrunum sem hún komst yfir í háskólanum sínum í Noregi og hefur það hjálpað henni mikið eftir að hún kom heim en hún tók meðal annars að sér það hlutverk að vera veislustjóri í brúðkaupi sem henni hefði aldrei dottið í hug að hún myndi geta tekið að sér:

Svo voru einhverjar kynningar í norsku tímanum sem voru alveg erfiðar kynningar, maður þurfti að tala á norsku og mátti ekki hafa neitt fyrir framan sig og maður þurfti bara að tala streight í 10 mínútur fyrir framan allt þetta fólk og ég var geðveikt stressuð fyrir því af því að mér finnst kynningar mjög erfiðar en mér fannst einhvern veginn eins og, ég fór yfir einhverja hindrun í þessari kynningu, ég veit ekki hvað þetta er. En af því að ég hef alltaf verið svo hrædd við kynningar og er alltaf með blað með

mér en þarna var ég bara að segja frá mér og eftir það þá finnst mér það ekki jafn erfitt, ég veit ekki hvað það er.

Allir viðmælendur fyrir utan einn áætla að útskrifast einu eða tveimur misserum seinna frá Háskóla Íslands þar sem erfitt var að púsla saman áföngum til að ná réttum einingafjölda. Erla talaði um að seinkun á náminu skipti hana ekki miklu máli þar sem reynslan og upplifunin standi helst upp úr:

Nei ég hefði ekki viljað vera að útskrifast núna og ekki hafa farið í skiptinám því að maður kynnist líka bara endalaust af fólk. En það var alveg erfitt að finna eitthvað sem passaði, ég var alveg búin að skoða allt. Þetta var orðið hopeless á tímabili þangað til að það kom að því að ég gat farið í þennan skóla [University of Victoria] en „þú þarft að vera búin að sækja um innan viku eða 2 vikna“ og þá var bara skriljón að fara að gera umsóknir, finna áfanga og tala við kennara og þetta var bara, ugh. Mér finnst líka bara skipulagið í HÍ [Háskóla Íslands], það er svolítið fráhrindandi finnst mér.

4.4 Staðsetning

Sú áskorun að flytja í nýtt land og standa á eigin fótum var mikill sigur fyrir marga viðmælendur sem höfðu margir hverjir ekki búið erlendis áður. Viðmælendur þurftu að sjá um allan undirbúning sjálf, sækja um í þá háskóla sem þau höfðu áhuga á að stunda nám í, finna húsnæði og koma sér sjálf út. Þeim fannst öllum mikil ábyrgð fólgin í því að þurfa að sjá um allt sjálf. Ef þau vildu fara í skiptinám, þyrftu þau að láta það gerast líkt og Alexandra lýsir:

Bara þú veist, maður þurfti að vera svolítið opinn og mér fannst ég sjá um allan undirbúninginn fyrir þetta og bara búa saman tvö. Þá kynnist ég því hvernig er að búa með kærastanum mínum, bara við tvö ekki hérna heima hjá pabba. Það var alveg sérstök reynsla út af fyrir sig.

Þegar viðmælendur höfðu gengið frá umsókn sinni fóru flestir strax að huga að húsnæðismálum. Öll voru þau á sama máli að staðsetning skipti miklu máli og sóttust öll eftir því að vera í góðu umhverfi þar sem stutt var í mannlífið og skemmtun auk þess sem þau vildu eiga auðvelt aðgengi í samgöngur. Oft fannst viðmælendum erfitt að finna húsnæði á stað sem þau þekktu ekki og voru ekki viss eftir hverju þau ættu að leitast eftir. Margir töldu húsnæðismál mikla hindrun í byrjun undirbúnings fyrir skiptinámið og fékk húsnæðisleitin marga til að efast hvort að skiptinámið væri þess virði þar sem undirbúningurinn var oft flókin og erfiður, eins og Alexandra segir frá:

Bara svona mesta finnst mér þegar ég var heima áður en ég fór og var að finna húsnæði. Mér fannst það mesta hindrunin. Þá var ég oft bara ohhhh er þetta þess virði? Eitthvað svona þetta er svo mikið vesen þú veist, koma öllu út eitthvað, og við vorum tvö saman.

Þegar húsnæðismál voru afgreidd fundu viðmælendur til mikils léttis og gátu farið að hlakka til. Margir völdu sér að búa í stúdentaíbúðum þar sem auðvelt var að finna upplýsingar um slíkar íbúðir á netinu. Allir nema einn viðmælandi bjuggu á háskólasvæði og þau voru á sama máli um að það hjálpaði þeim að eignast vini og aðlagast samfélaginu fljótt. Voru þau ánægð með hversu stutt var í allt sem þau sóttust í og töluðu um stemninguna sem einkenndi svæðið. Tveir af viðmælendum bjuggu í sameiginlegri íbúð með öðrum skiptinemum og fannst þeim það hjálpa mikið til við að kynnast fólki. María svaraði spurningalista áður en hún mætti þar sem fólk með sameiginleg áhugamál voru þöruð saman í íbúðir. María var mjög ánægð með vinnunna sem var lögð í að finna nemendur sem áttu eitthvað sameiginlegt. Öll tengdust þau fljótt og urðu að lokum mjög náinn vinahópur. Einnig voru nokkrir viðmælendur tilbúnir til að borga aðeins meira fyrir íbúð eða herbergi á góðum stað eins og Jónína segir frá:

Já ég valdi bara þannig stað að það voru svona 2 mín í bæinn og sirka 5 mín labb í skólann. Geggjuð staðsetning enda var þetta mjög dýrt miðað við stærð á herbergi og þannig.

Einnig voru allir viðmælendur á sama máli um mikilvægi almenningsamgangna þar sem enginn hafði bíl til umráða. Þeir sem bjuggu á háskólasvæði ferðuðust að mestu fótgangandi á helstu staði í nágrenni sínu en nýttu sér einnig almenningsamgöngur til að ferðast á milli lengri vegalengda eins og Alexandra greinir frá:

Já, staðsetningin var mjög nice sko. Það voru stúdentaíbúðir á þessum stað og ég þurfti bara að labba í 10 mínútur til að fara í metro og þá þurfti ég bara að labba í 3 mínútur og þá erum við komin í skólann. Og sama um bæinn, það var geðveikt nice. Það var hægt að fara í strætó sem kom á 5 mínútna fresti og tók svona korter, tuttugu mínútur að fara í bæinn. Þannig að samgöngurnar voru mjög góðar, allt stutt að labba í, metro eða strætó og allt svoleiðis.

5 Umræður

Skiptinám ræðst af persónulegri upplifun skiptinema og eru ýmsir þættir sem móta upplifunina að sama skapi. Í þessum kafla verða niðurstöður ritgerðarinnar bornar saman við fræðilega umfjöllun til þess að svara rannsóknarspurningunum sem lagðar voru fram í inngangi rannsóknarinnar.

- Hvaða áskoranir felast í félagslegri aðlögun skiptinema?
- Hver er persónulegur ávinningur nemenda af skiptinámi?

5.1 Hvaða áskoranir felast í félagslegri aðlögun skiptinema?

Það sem stóð helst upp úr niðurstöðum rannsóknarinnar í tengslum við félagslega aðlögun voru þættirnir tengslanet, tungumál, háskólinn og staðsetning. Af þessum þáttum mátti þó sjá að tengslanet viðmælendanna var hvað allra mikilvægast en viðmælendur okkar fundu til öryggis hjá vinum sem voru að ganga í gegnum svipaða hluti og þau hvað varðar aðlögun að nýju samfélagi. Tilfinningar líkt og heimþrá, ööryggi og námskvíði voru mun algengari við upphaf skiptináms en með auknu tengslaneti og nýjum vinum, fundu viðmælendur til ákveðinnar róar og áttuðu sig á því að það væri einungis eðlilegt að upplifa slíkar tilfinningar. Líkt og fram kemur í rannsókn Hendrickson o.fl. (2011) eiga skiptinemar með sterkt tengslanet auðveldara með að aðlagast nýju samfélagi sem að viðmælendur upplifðu þegar leið á skiptinámið og þar af leiðandi minnkaði heimþrá þeirra. Voru allir viðmælendur á sama máli um að auðveldara hefði verið að eignast alþjóðlega vini sem einnig voru skiptinemar þar sem þeir höfðu meiri skilning á því hvað þeir voru að ganga í gegnum í nýju umhverfi. Þetta er í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna sem sýna fram á að mun algengara sé að skiptinemar myndi alþjóðleg vinasambönd þrátt fyrir að löngun sé til staðar í að kynnast nemendum viðkomulands (Byrne o.fl, 2019). Viðmælendur tengdu góða upplifun sína af skiptináminu við þá vini sem þau eignuðust en eins og rannsóknir sýna þá hjálpa vinasambönd að komast yfir þær áskoranir sem felast í því að aðlagast nýrri menningu (Sawyer og Chen, 2012).

Rannsóknir á notkun samfélagsmiðla sýna að skiptinemar sem nota mikið samfélagsmiðla eiga stærra og fjölbreyttara tengslanet í þeim löndum sem þau sækja nám og það hjálpar til við að skapa sterkara tengslanet sem auðveldar aðlögun að nýrri menningu til muna (Forbush og Foucault-Welles, 2016). Sáum við sterk tengsl milli notkunar samfélagsmiðla hjá viðmælendum og stækkun tengslanets þeirra en þeir notuðu samfélagsmiðla til að komast í aukin samskipti við fólk frá öllum áttum. Þessi samskipti leiddu oft á tíðum til nýrra samræðna og bjuggu til vettvang fyrir nýja viðburði sem viðmælendur gátu tekið þátt í. Með því að viðhalda samskiptum á samfélagsmiðlum að loknu skiptinámi héldust þessi tengslanet og hafa viðmælendur bæði heimsótt vinina sem þau kynntust í skiptináminu sínu og fengið þá í heimsókn til sín. Alþjóðleg vinasambönd veita tækifæri til ferðalaga, búa til tækifæri til að kynnast nýjum menningum og eiga kost á frírri gistingu (Hendrickson o.fl, 2011) og töldu

viðmælendur mikilvægt að halda í þau vinasambönd sem færðu þeim svo margt á erfiðum jafnt sem góðum stundum í skiptináminu.

Tungumál var helsti hvati nokkurra viðmælenda til að sækja um í skiptinámi og á það einnig almennt við um aðra skiptinema (LeCrom o.fl, 2015). Fjórir af sex viðmælendum voru í enskumælandi landi sem þeir töldu öryggi í þar sem þeir gátu tjáð sig á skiljanlegan hátt. Viðmælendur töluðu um að þeir væru orðnir öruggari í samskiptum á erlendu tungumáli að loknu skiptinámi og kom það bæði með samskiptum við annað fólk en einnig með auknum orðaforða frá námsefninu þar sem sá orðaforði er ekki notaður eins mikið í daglegum samskiptum. Líkt og rannsókn Hendrickson o.fl. (2011) bendir á eykst sjálfsöryggi einstaklinga með auknum samskiptum á framandi tungumáli sem getur aukið líkur á að þróa þvermenningarleg vinasambönd en viðmælendur áttu allir mikið af alþjóðlegum vinum sem voru einnig að tala tungumál sem ekki var þeirra móðurmál og gátu þeir því hjálpað hvert öðru að bæta hæfni sína. Kristján og Alexandra, sem hvorug voru í enskumælandi landi, reiddu sig mikið á ensku til að kynnst nýju fólki hvort sem það voru heimamenn eða aðrir skiptinemar. Alexandra var í norskuáfanga í háskólanum og var farin að læra grundvallaratriðin í norsku en hún kynntist fáum Norðmönnum og gafst því lítið tækifæri til að æfa sig og viðhalda tungumálinu. Með því að geta lítið sem ekkert talað tungumál viðtökulandsins, voru samskipti við heimamenn sem ekki töluðu ensku fremur takmörkuð. Kristján átti lítil samskipti við heimamenn þar sem margir Slóvenar tala ekki mikla ensku og hafði það áhrif á aðlögun hans að samfélaginu.

Háskólinn hafði einnig áhrif á aðlögun viðmælenda en það skiptir máli hvernig skólar taka á móti nemendum eins og rannsóknir hafa sýnt (Vevere o.fl, 2017; Dervin og Layne, 2013). Margir viðmælendur fengu litlar upplýsingar um þá áfanga sem þau voru að taka en Erla var ein þeirra sem lenti í áfanga sem hún hélt að væri miðaður að skiptinemu en var í raun áfangi fyrir útskriftarnemendur. Upplifun hennar af áfanganum var slæm og fann hún fyrir miklum pirringi í sinn garð frá nemendum viðtökulandsins sem voru einungis að hugsa um að fá góðar einkunnir á meðan hún var enn að aðlagast umhverfinu og vildi í raun bara kynnst nýju fólki. Upplifun hennar gefur til kynna að markmið skiptinema fari ekki saman með markmiðum nemenda viðtökulandsins. Eins og rannsókn Vevere o.fl (2017) leiddi í ljós, hefur skortur á mikilvægum upplýsingum um háskólann áhrif á aðlögun skiptinemans að nýju kerfi og umhverfi. Háskólinn hjá Kristjáni og Erlu lagði upp úr því að fræða nemendur um menningu sína og tóku þau bæði áfanga um menningu viðtökulandsins sem hjálpaði þeim að kynnst landinu betur. Kristján ferðaðist mikið um Slóveníu og menningaráfanginn jók þekkingu hans í leiðinni þar sem hann heimsótti marga staði sem hann hafði lært um.

Í niðurstöðum okkar kom sterklega fram að staðsetning skiptinema hefur áhrif á félagslega aðlögun en ekki má finna rannsóknir sem fjalla um tengingu milli þessara þátta. Allir viðmælendur að einum undanskildum bjuggu á háskólasvæði sem gaf þeim kost á að sækja í allar nauðsynjar innan stuttar fjarlægðar. Góð staðsetning gaf viðmælendum frelsi til að ferðast fótgangandi milli staða en einnig eiga kost á að nýta sér almenningssamgöngur sem nálgast mátti innan svæðisins. Með því að búa innan háskólasvæðis var auðveldara að kynnst öðrum skiptinemu og einnig veitti staðsetning innan háskólasvæðis ákveðna öryggistilfinningu. Kristján bjó utan háskólasvæðis og átti hann í erfiðleikum með að aðlagast samfélaginu þar sem hann gat ekki tjáð sig við heimamenn og hann var ekki innan um aðra nemendur og því lengra að sækja í félagslíf. Nokkrir viðmælendur leigðu dýrari íbúðir eða herbergi í þeim tilgangi að vera miðsvæðis þar sem stutt var í bæði háskólann og

aðra nemendur. Niðurstöður viðtalanna sýna því fram á að staðsetning hjálpi skiptinimum í félagslegri aðlögun.

5.2 Hver er hinn persónulegi ávinningur af skiptinámi?

Viðmælendur voru margir hverjir óvissir þegar leitast var við svörum um persónulegan ávinning af skiptinámi þeirra. Þegar rýnt var í viðtölin var þó margt sem mátti greina sem persónulegan sigur eða ávinning þrátt fyrir að viðmælendur hafi ekki sett það skýrt fram. Sem dæmi þá bættu margir kunnáttu sína í ensku í bæði rituðu og töluðu máli til muna. Alexandra var ein þeirra sem komst yfir þá hræðslu að tala fyrir framan hóp af fólki sem hún segir hafa verið mikinn sigur þar sem hún finnur ekki lengur fyrir kvíða í tengslum við að tala fyrir framan fólk líkt og áður fyrr. Með auknu valdi á tungumálinu varð upplifun hennar af skiptináminu jákvæðari líkt og Yang o.fl (2006) sýna fram á. Eftir að hafa yfirstígið þessa hindrun í lífi sínu hefur hún tekið að sér fleiri verkefni þar sem reynt hefur á tungumálafærni hennar og að koma fram opinberlega.

Allir viðmælendur upplifðu menningarsjokk af einhverju tagi, þrátt fyrir að hafa ekki áttað sig á því sjálfir. Frá því að upplifa heimþrá yfir í að draga sig í hlé vegna skilningsleysis þá komust allir viðmælendur nema einn, yfir hjalla menningarsjokksins og lærðu á siði og þær óskrifuðu reglur sem fylgdu þeirri menningu sem þau voru í. María var ein þeirra sem lagði sig fram við að tileinka sér siði viðtökulandsins og kynni hennar við Nýsjálenskan meðleigjanda sinn varð til þess að hún var fljót að læra inn á aðstæður sem jók ánægju hennar af skiptináminu sínu sem er í samræmi við niðurstöður Oberg (1951) og Black (1988). Jónína upplifði ákveðna hindrun í samskiptum við breska nemendur og átti hún í erfiðleikum með að tengjast þeim þar sem orðaforði þeirra flæktist fyrir henni. Jónína komst yfir þessa hindrun með því að taka þátt í félagslífi skólans og skrá sig í klifur þar sem stór hluti hópsins voru bretar. Hún eyddi tveimur misserum í viðtökulandi sínu líkt og María og gefa niðurstöður okkar til kynna um að lengd skiptináms hafi áhrif á aukin tengsl við heimamenn. Báðar eignuðust þær vini frá viðtökulandi sínu en nefndu báðar að það hafi tekið tíma að mynda nán tengsl. En með auknum samskiptum við heimamenn, eykst öryggi á tungumáli og einstaklingurinn kemst yfir annað þrep menningarsjokks sem einkennist af ákveðinni höfnun af heimamönnum þar sem þeir virðast ekki skilja hvað einstaklingurinn er að ganga í gegnum (Oberg, 1954). Þegar einstaklingur er farinn að tileinka sér viðeigandi hegðun í menningu viðtökulandsins, verða tengsl við heimamenn auðveldari. Heimamenn geta að sama skapi lært nýja hluti af samskiptum við skiptinema og þannig eykst umburðarlyndi milli beggja einstaklinga (Black og Duhon, 2006).

Ýmsar hindranir urðu á vegi viðmælenda og var Hildur ein þeirra sem upplifði mikla heimþrá í byrjun skiptináms. Hún átti í erfiðleikum með að finna tíma til að tala við fjölskyldu og vini vegna tímamismunar. Einnig hafði hún ekki byggt upp sterkt tengslanet sem magnaði upp heimþrá hennar þar sem aðlögun skiptinema byggir á stórum hluta á sterku tengslaneti (Hendrickson o.fl, 2011). Þegar hún hafði byggt upp sitt tengslanet þurfti hún að komast yfir aðra hindrun sem fólst í því að finna jafnvægi milli háskólans og félagslífsins. Með tímanum, aðlagðist hún betur að menningu viðtökulandsins og varð þá auðveldara að taka ákvarðanir þar sem hún gat metið aðstæður betur, bæði því sem háskólinn ætlaðist til af henni og vinir hennar. Hildur náði að lokum á fjórða þrep menningarsjokksins sem

einkennist af ákveðnu samþykki einstaklings á menningu og siði viðkomandi lands (Obergh, 1954).

Viðmælendur voru mislengi að aðlagast viðtökulandi sínu og sumir aðlöguðust aldrei að fullu. Þó má greina frá niðurstöðum okkar að allir viðmælendur að undanskildum Kristjáni, aðlöguðust menningu viðtökulandsins eins og mögulegt var og enduðu á fjórða og seinasta þrepi menningarsjokksins þegar einstaklingur er búin að aðlagast eins mikið og hann mun gera og er byrjaður að tileinka sér siði og óskrifaðar reglur viðkomandi lands (Obergh, 1954). Með því að vera orðin hluti af menningu viðtökulands jókst ánægja viðmælenda af skiptinámi sínu. Kristján átti hins vegar í erfiðleikum með að aðlagast menningu landsins en hans leið til að upplifa landið var að ferðast. Með því að ferðast um Slóveníu og önnur lönd í kring jók hann þekkingu sína þrátt fyrir takmörkuð samskipti við heimamenn. Því má segja að hann hafi verið fastur í fyrsta þrepi menningarsjokksins, þar sem einstaklingur er heillaður af öllu því nýja sem hann sér og upplifir (Obergh, 1954). Honum leið eins og hann væri ferðamaður frekar en skiptinemi og fann fljótt að hann yrði mun lengur að ná tókum á tungumálinu en sá takmarkaði tími sem hann átti og því náði hann aldrei að tileinka sér menningu viðtökulandsins.

Því má segja að persónulegur ávinningur viðmælenda hafi oft verið dulinn innan um góðar jafnt sem erfiðar upplifanir og hafi þau mörg hver uppgötvað að þau hafa tekist á við vandamál og hindranir á annan hátt í dag en þau gerðu fyrir skiptinámið.

6 Lokaorð

Rannsókn þessi hefur leitað skilnings á félagslegri aðlögun skiptinema og hvaða ávinninga þeir telja sig hafa öðlast að loknu skiptinámi. Rannsóknir sem fjalla um skiptinám snúa margar hverjar að félagslegri aðlögun skiptinema og í gegnum ferlið varð sá þáttur aðal áhersla rannsóknarinnar. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar um skiptinema sem fara frá Íslandi og þá sem koma til landsins og því er tækifæri fyrir aðra einstaklinga að koma með frekari rannsóknir til að bæta úr þessu upplýsingaleysi í fræðilegri umræðu um skiptinema.

Vegna tímaramma þessarar BS ritgerðar voru einungis tekin 6 viðtöl við nemendur í ferðamálafræði við Háskóla Íslands sem fóru í skiptinám. Hafa verður það til hliðsjónar við lestur niðurstaðna ritgerðarinnar en fleiri viðmælendur hefðu líklega gefið betri mynd af aðlögun skiptinema þar sem um persónulega upplifun er að ræða. Niðurstöður sýndu að fjórir þættir stóðu hvað mest upp úr sem voru tengslanet, tungumál, háskólinn og staðsetning. Samanborið við rannsóknir fræðasviðsins voru tengslanet og tungumál hvað mest áberandi í félagslegri aðlögun skiptinemans. Niðurstöður úr okkar rannsókn sýndu þó fram á tengsl milli staðsetningar skiptinema og félagslegri aðlögun þeirra þar sem þeir viðmælendur sem bjuggu innan háskólasvæðis aðlöguðust samfélagi viðtökulandsins mun betur en þeir sem bjuggu utan háskólasvæðis. Þessi tengsl hafa ekki verið rannsökuð innan fræðasviðsins og þessi nýja vitneskja sem nú hefur verið sköpuð má nýta í áframhaldandi rannsóknir á þessu viðfangsefni.

Ekki hafa verið framkvæmdar margar rannsóknir um skiptinám á Íslandi og er mikill möguleiki á áframhaldandi rannsóknum á því viðfangsefni. Ýmsar hugmyndir um áframhaldandi rannsóknir tengdar viðfangsefninu vöknúðu við framkvæmd rannsóknarinnar. Áhugavert væri að skoða hvernig skiptinemar sem koma til Íslands aðlagast samfélaginu hér og hvaða þættir spila þar inn í. Þá væri hægt að einblína sérstaklega á tungumálið og kanna hvort að skiptinemar leggi áherslu á að læra íslensku og hvort að þeir nýti sér þá áfanga sem bjóðast skiptinemum. Einnig væri fróðlegt að rannsaka stærra úrtak af íslenskum skiptinemum sem fara frá Háskóla Íslands í skiptinám og kanna hvaða þættir koma fram í félagslegri aðlögun þeirra. Að auki mætti leggja sérstaka áherslu á þau áhrif sem staðsetning hefur í tengslum við félagslega aðlögun.

Vinnan við rannsóknina var mjög skemmtileg og nutum við þess að fá að hitta viðmælendur okkar og heyra hvernig þeir upplifðu skiptinámið sitt. Áhugi okkar á viðfangsefninu hjálpaði mikið til við vinnuna og okkur fannst gaman að sjá hvernig áherslurnar þróuðust í gegnum ferlið.

Við teljum að niðurstöður þessarar rannsóknar geti nýst stofnunum á borð við Erasmus og AFS til að vekja áhuga nemenda á skiptinámi. Eins og sjá má, tóku viðmælendur margt með sér úr skiptináminu sem mun nýtast þeim um ókunnuga framtíð.

Heimildir

- Allport, G. (1954). *The nature of prejudice*. New York: Addison Wesley.
- Björk Gunnarsdóttir og Margrét Þórðardóttir. (2017). *Ferðamálafræði við Háskóla Íslands, Hver er staðan eftir nám?* (óútfingin BS ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Black, J. S. (1988). Work Role Transitions: A Study of American Expatriate Managers in Japan. *Journal of International Business Studies*, 19, 277-94.
- Black, J. S., Mendenhall, M. og Oddou, G. (1991). Toward a Comprehensive Model of International Adjustment: An Integration of Multiple Theoretical Perspectives. *The Academy of Management Review*, 16(2), 291-317.
- Black, J. S. og Stephens, G. K. (1989). The influence of the Spouse on American Expatriate Adjustment and Intent to stay in Pacific Rim Overseas Assignments. *Journal of Management*, 15(4), 529-544.
- Black, H. T. og Duhon, D. L. (2006). Assessing the Impact of Business Study Abroad Programs on Cultural Awareness and Personal Development. *Journal of Education for Business*, 81(3), 140-144.
- Bryman, A. (2016). *Social Research Methods* (5. útg.). Oxford: Oxford University Press.
- Byrne, E., Brugha, R. og McGarvey, A. (2019). 'A melting pot of cultures' –challenges in social adaptation and interactions amongst international medical students. *BMC Medical Education* 19(86). doi:10.1186/s12909-019-1514-1
- Chon, K. S. (1990). The role of destination image in tourism: A review and discussion. *Tourism review*, 45, 2-9.
- Dagur Sindrason. (2018). *Viðhorf til Íslands hjá hinum almenna ferðamanni og skiptinimum á Íslandi* (óútfingin BS ritgerð). Háskólinn í Reykjavík, Reykjavík
- Dervin, F. og Layne, H. (2013). A guide to interculturality for international and exchange students: an example of Hospitality? *Journal of Multicultural Discourses*, 8(1), 1-19. doi:10.1080/17447143.2012.753896
- Erasmus Programme. (2019). What is the Erasmus Programme? Sótt 31. júlí 2019 af <https://www.erasmusprogramme.com/post/what-is-the-erasmus-programme>
- European Commission. (2019). What is Erasmus +. Sótt 19. ágúst af https://ec.europa.eu/programmes/erasmus-plus/about_en

- Forbush, E. og Foucault-Welles, B. (2016). Social media use and adaptation among Chinese students beginning to study in the United States. *International Journal of Intercultural Relations*, 50, 1-12. doi:10.1016/j.ijintrel.2015.10.007
- Harari, M. (1992). The Internationalization of the Curriculum. Í C. B. Klasek (ritstjóri), *Bridges To The Future* (bls. 52-79). Carbondale, IL: Association of International Education.
- Háskóli Íslands. (2018). Lykiltölur. Sótt 29. ágúst af https://issuu.com/haskoliislands-universityoficeland/docs/lykilt_lur_slens2018
- Háskóli Íslands. (2019a). Skiptinám. Sótt 5. maí 2019 af <https://www.hi.is/skiptinam>
- Háskóli Íslands. (2019b). Styrkir og fjármögnun. Sótt 29. ágúst af https://www.hi.is/nam/styrkir_og_fjarmognun
- Hendrickson, B., Rosen, D. og Aune, K. R. (2011). An analysis of friendship networks, social connectedness, homesickness, and satisfaction levels of international students. *International Journal of Intercultural Relations*, 35, 281-295.
- Heuer, L. J., og Bengiamin, M. I. (2001). American nursing students experience shock during a short-term international program. *Journal of Cultural Diversity*, 8(4), 128-34. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/219361515?accountid=28822>
- Jones, E., Coelen, R., Beelen, J. og Wit, H. (ritstjórar) (2016). *Global and Local Internationalization*. Rotterdam: Sense Publishers.
- LeCrom, C. W., Greenhalgh, G. og Dwyer, B. (2015). Seeing the World Differently: An Analysis of the Impact of a Sport-Related Study Abroad Program on Global Mindedness. *Journal of Applied Sport Management*, 7(2), 60-82.
- Lesjak, M., Juvan, E., Ineson, E., Yap, M., og Axelsson, E. (2015). Erasmus student motivation: Why and where to go? *Higher Education*, 70, 845-865. doi:10.1007/s10734-015-9871-0
- Mennta - og menningarmálaráðuneytið og Rannís. (2018). *Eurostudent VI: Innlit í flæði íslenskra háskólanema*. Reykjavík: Maskína.
- Messer, D. og Wolter, S. (2007). Are student exchange programs worth it? *High Education*, 54, 647-663. doi:10.1007/s10734-006-9016-6
- Nordplus. (2018). Nordplus. Sótt 29. ágúst 2019 af <https://www.nordplusonline.org/>
- Oberg, K. (1954). Culture Shock. Rio de Janeiro, Brasilía. Sótt 17. ágúst 2019 af <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.461.5459&rep=rep1&type=pdf>
- Parkins, N.C. (2010). Push and Pull Factors of Migration. *American Review of Political Economy*, 8(2), 6-24. Sótt 31. ágúst af <https://sites.bemidjistate.edu/arpejournal/wp-content/uploads/sites/2/2015/11/v8n2-parkins.pdf>
- Rannís. (2018). Erasmus+. Sótt 6. maí 2019 af <https://www.erasmusplus.is/>

- Runco, M. A. og Pritzker, S. R. (ritstjórar). (1999). *Encyclopedia of Creativity*. California: Academic Press.
- Sawyer, R. og Chen, G. M. (2012). The Impact of Social Media on Intercultural Adaptation. *Intercultural Communication Studies*, 21(2), 151-169. Sótt 3. september af <https://web.uri.edu/iaics/files/09RebeccaSawyerGuoMingChen.pdf>
- Stone, M. og Petrick, J. F. (2013). The Educational Benefits of Travel Experiences: A Literature Review. *Journal of Travel Research*, 52(6), 731-744. doi:10.1177/0047287513500588
- Svala Guðmundsdóttir (2011). Does where you come from make a difference in the cross-cultural adjustment in Iceland. Í Auður Hermannsdóttir, Jón Snorri Snorrason og Þóra Christiansen (ritstjórar), *Vorráðstefna viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands* (bls. 189-199). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Thomas, A. E., Pflanzl, B. og Völkl, A. (2016). Broadening the mind: Beneficial effects of sojourn experiences and contact with visiting international students on prospective teachers' motivation to avoid prejudiced behavior. *International Journal of Intercultural Relations*, 50, 89-95.
- Vevere, V., Resentini, C. og Alfaya, M. G. (2017). Cultural Adaptation of Erasmus Students in Latvia and Host University Responsibility. *Economics and Culture*, 14(2). doi:10.1515/jec-2017-0017
- Webb, A. og Wright, P. C. (1996). The Expatriate Experience: Implications for Career Success. *Career Development International*, 5(1), 38-44.
- Wiers-Jensen, J. (2003). Norwegian Students Abroad: Experiences of students from a linguistically and geographically peripheral European country. *Studies in Higher Education*, 28(4), 391-411. doi:10.1080/0307507032000122251
- Yang, R. P., Noels, K. A. og Saumure, K. D. (2006). Multiple routes to cross-cultural adaptation for international students: Mapping the paths between self-construals, English language confidence, and adjustment. *International Journal of Intercultural Relations*, 30, 487-506. doi:10.1016/j.ijintrel.2005.11.010

Viðauki A

Kynning á viðfangsefni rannsóknarinnar og rannsakerndum

Kæra XX

Við, Kolbrún Ósk Pétursdóttir og Pála Guðmundsdóttir, erum nemendur við Háskóla Íslands í ferðamálafræði og erum að vinna að Bs ritgerð okkar sem jafnframt er lokaverkefnið okkar í háskólanum. Rannsóknin snýr að upplifun skiptinema í skiptinámi sínu og hvernig áhrif skiptinámið hefur á nemandann. Leiðbeinandi okkar í verkefninu er Edda Ruth Hlín Waage.

Rannsóknin byggir á viðtölum við nemendur sem hafa sótt skiptinámið úr ferðamálafræði við Háskóla Íslands á seinustu fimm árum. Viðtölin verða hljóðrituð og afrituð, til að tryggja að sagt verði rétt frá öllu því sem viðmælendur segja frá. Við lofum viðmælendum okkar fullum trúnaði sem felst í nafnleynd og öll gögn verða meðhöndluð sem trúnaðarmál.

Við leitum því til þín og vonumst til að þú getir séð þér kleift að koma í viðtal til okkar og segja okkur frá þinni upplifun af skiptinámi.

Með fyrir fram þökk,

Kolbrún Ósk og Pála

Viðauki B

Yfirlýsing um upplýst samþykki



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ
LÍF- OG UMHVERFISVÍSINDAEILD

Samþykkisyfirlýsing fyrir þátttakendur í BS rannsókn á upplifun nemenda í ferðamálafræði við Háskóla Íslands um skiptinámið sitt.

Rannsóknin er unnin af Kolbrúnu Ósk Pétursdóttur og Pálu Guðmundsdóttur.

Þátttaka í rannsókninni felur í sér viðtal um upplifun skiptináms bæði á meðan skiptináminu stóð og eftir að nemandinn kom heim til Íslands. Viðmælendum er heitið trúnaði og í því felst að farið verður með viðtalsgögnin sem trúnaðarmál. Í umfjöllun um rannsóknina og í niðurstöðum hennar verður nöfnum viðmælanda breytt, til að halda trúnaði, sem og öllum persónugreinanlegum upplýsingum.

Ég staðfesti hér með undirskrift minni að veita viðtal vegna ofangreindrar rannsóknar.

Undirskrift þátttakanda

Dagsetning og staður

Viðauki C

Viðtalsrammi

Upphafsspurning: Getur þú sagt okkur aðeins frá skiptináminu þínu?

- Viðtökuland
 - Af hverju valdir þú landið sem þú fórst til?
 - Kunnir þú tungumálið sem var talað af heimamönnum?
 - Hvernig tókst þér að aðlagast menningunni í viðtökulandinu?
- Tengslanet
 - Hvaðan voru vinir þínir, heimamenn eða alþjóðlegir?
 - Heldur þú ennþá sambandi við vini þína úr skiptináminu?
- Námið
 - Hvernig fannst þér námið úti samanborið við námið í Háskóla Íslands?
 - Lærðir þú eitthvað nýtt?
- Staðsetning
 - Hvernig var staðsetningin? Nálægt skólanum, vinum, miðbænum?
 - Bjóst þú á stúdentagörðum eða varstu að leigja á eigin vegum?
- Ávinningur af skiptinámi
 - Lentir þú á einhverjum hindrunum í skiptináminu þínu?
 - Var eitthvað sem stóð upp úr?
 - Hvað græddir þú á skiptináminu þínu?
 - Myndir þú mæla með skiptinámi?